


Skipulagsstofnun
Hólmfríður Sigurðardóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is


Reykjavík, 27. maí 2005
Tilvísun: UST20050500141/sf


Vegagerð um Þórdalsheiði

Um Þórudal liggur Þórdalsheiðarvegur (F936) milli Skriðdals og Reyðarfjarðar en Vegagerðin hefur nú lagt nýjan, fólksbilafæran veg inn Þórudal og Brúðardal upp á móts við Hvalvörðu. Umhverfisstofnun telur að vart sé hægt að líta á vegagerðina sem enduruppbyggingu vegar, enda var sá vegur/slóði sem var fyrir ekki uppbyggður og eingöngu fær fjórhjóladrifnum ökutækjum, auk þess sem nýi vegurinn liggur ekki alls staðar í gamla vegstæðinu, sbr. meðfylgjandi myndir. Í því sambandi bendir Umhverfisstofnun á að eðlilegt hlýtur að teljast að fyrir sé vegur af tilteknum staðli (með „lágmarks“ uppbyggingu) til að hægt sé að líta á vegagerð sem enduruppbyggingu vegar. Umhverfisstofnun hafa borist upplýsingar um að hugmyndir séu um svipaða vegagerð áfram út Áreyjardal og að sú veglagning gæti tengst fyrirhugaðri slóðagerð vegna lagningar Fljótsdalslína 3 og 4.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir upplýsingum um hvort Skipulagsstofnun hafi borist upplýsingar ofangreinda vegaframkvæmd og þá jafnframt hvort fyrir liggja að framkvæmdin falli ekki undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,


Sigrún Friðriksdóttir
Lagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs

Afrit: Vegagerðin Akureyri.

Vegur um Þórdalsheiði



Mynd 1. Nýr vegur í Brúðardal. Gamli vegurinn sést til hægri á myndinni. Horft til norðausturs.



Mynd 2. Mynd tekin á sama stað og mynd 1 en horft til suðvesturs.